

Dags eftirlits	26.10.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Matorka ehf	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Fellsmúli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500412-0540	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Hlöðversdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlitið og engar ábendingar voru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um litla landeldisstöð fyrir bleikjuseiði er að ræða, með eldisaðstöðu innandyra. Stöðin stendur við bakka Minnivallalækjar og rennur frárennslið í steypa, yfirbyggða setpró og þaðan út í Minnivallalæk.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfið og stöðu frávikanna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Tvö frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2020 er varða losun köfnunarefnis umfram starfsleyfismörk og sýnilega froða í viðtaka. Breyting hefur nú verið gerð á gr. 2.4 í starfsleyfi rekstraraðila og er heimilt að losa 60 kg N/framleitt tonn og er rekstraraðili því innan marka starfsleyfis með losun köfnunarefnis í frárennsli. Rekstraraðili útskýrði einnig að froða sem greind var við frárennsli í síðasta eftirliti, er við frárennsli vegna yfirfalls í söfnunargeymi ferskvatns við stöðina. Ekki er því um frárennsli frá starfsemi að ræða. Aðstæður voru skoðaðar við frárennslið og sjáanleg froða var við lækjarbakkana upp eftir Minnivallalæk, fyrir ofan frárennsli rekstraraðila, svo ekki er um losun frá rekstraraðila að ræða heldur eru það áhrif frá annarri starfsemi eða af náttúrulegum aðstæðum. Úrbótum vegna beggja frávikanna er því lokið. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða fyrir árið 2021 og það uppfært m.t.t. stöðu stöðvarinnar í dag.

Árleg framleiðsla í stöðinni er um 20 til 30 tonn en leyfi er fyrir framleiðslu á allt að 350 tonnum. Árið 2020 voru framleidd 22,8 tonn af bleikjuseiðum í stöðinni.

Skv. gr. 3.5 og 3.6 skal rekstraraðili taka saman ársyfirlit og færa grænt bókhald árlega. Því skal skilað til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Rekstraraðili skilaði inn fullnægjandi gögnum þann 16. apríl sl. Allar skráningar fara inn í FishTalk skráningarkerfi og eru aðgengilegar öllum starfsmönnum þar. Gæðahandbók er til staðar á rafrænu formi sem og viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, umhverfismarkmið og vöktunaráætlun. Eintak af starfsleyfi var aðgengilegt á staðnum.

Síðustu mælingar á efnalosun í frárennsli voru gerðar í mars 2020 og næsta mæling er fyrirhuguð árið 2022 skv. gr. 3.3 í starfsleyfi. Losun niturs (N) var mæld 5,8 kg N/framleitt tonn og fosfórs (P) 24,0 kg P/framleitt tonn og er það innan marka ákvæða starfsleyfis. Settjörn er steypa og yfirbyggð og engar athugasemdir gerðar þar um. Er eftirlitið fór fram var verið að bæta við útrásarröri frá settjörn og út í viðtaka frárennslis.

Engar breytingar hafa verið gerðar á eldiseiningum í stöðinni frá síðasta eftirliti né fóðrun fiskanna en

fóðurgjöf er reiknuð út og gefin með Arvo-tec fóðurkerfi. Fóðurstuðull um 1,19.

Sápur, sótthreinsiefni og önnur spilliefni eru geymd í læstum skáp í geymslurými. Lekabyttur eru undir brúsum og öryggisblöð til staðar við efnageymslu. Olíugeymir er við vararafstöð, tvöfaldur 1.500L plastgeymir. Annar olíugeymir er við stöðina en hefur verið tekin úr notkun og er staðsettur í lekaþró sem tengd er olíuskilju.

Allur almennur úrgangur er sóttur af sveitarfélaginu og fer í Sorpstöð Rangárvallasýslu en lífrænn úrgangur er fluttur til urðunar á Strönd. Um 4.7 tonn af lífrænum úrgangi fór frá stöðinni árið 2020.

Gengið var um geymslusvæði stöðvarinnar, vararafstöð og útisvæði. Frárennsli í viðtaka var skoðað sem og settjörn. Stöðin er snyrtileg á að líta og umgengni góð, engar athugasemdir eru gerðar þar um.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Ekki er gerð krafa um tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004.

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Leiðbeiningaskjal um fráveitu- og fastefnameðhöndlun fiskeldisstöðva á landi var sent með fundarboði eftirlitsins.

Reykjavík, 24.11.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir